

Fundargerð 8. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2021, kl. 12:30 þriðjudaginn 16. febrúar. Fundurinn var haldinn á Sólvangi.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Lovísa Traustadóttir, Þórdís Kristinsdóttir Bakkmann, Helga Björg Arnardóttir, Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð. Auk þess sátu fundinn Smári Björnsson, byggingarstjóri, Halldór Karlsson, ráðgjafi og Jón Þór Þorvaldsson arkitekt frá Úti og Inni.

1. Starfshópurinn fékk leiðsögn sviðsstjóra umhverfis- og skipulags um gamla Sólvang. Nú þegar hefur verið farið í undirbúningsframkvæmdir vegna fyrirhugaðra endurbóta á húsinu.
2. Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt fór yfir teikningar á annarri, þriðju og fjórðu hæð hússin. Á annarri hæð verða 11 hjúkrunarrými, hver íbúð verður 28 fermetrar og eru allar kröfur uppfylltar hvað varðar hjúkrunarrými. Hver hæð er 727 fermetrar. Á þriðju og fjórðu hæð verða samtals 39 hvíldar- og endurhæfingarrými og er þar að mestu um tvíbýli að ræða. Samkvæmt teikningum verða tvær lokaðar svalir á hverri hæð nema á jarðhæð verða aukasvalir. Lyftubúnaður verður settur í allar íbúðirnar. Tengingar eru af öllum hæðum yfir í hjúkrunarheimilið á nýja Sólvangi. Votkjarnar verða teknir út á 3ju og 4ðu hæð og verður ráðist í töluverðar breytingar á þeim hæðum. Heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafa samþykkt teikningarnar.
3. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs greindi frá því að útboðsgögn væru tilbúin. Miðað er við að framkvæmdum geti verið lokið 1. nóvember 2021. Kostnaðaráætlun liggur fyrir og greiðir ríkið 40% kostnaðar. Auk þess hefur heilbrigðisráðuneytið ákveðið að veita 120 milljón kr. styrk vegna starfseminnar á þriðju og fjórðu hæð.

Verkefnastjórnin heimilar útboð á endurbótum á annarri, þriðju og fjórðu hæð gamla Sólvangs.

4. Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs fór yfir hugmyndir heilbrigðisráðuneytisins varðandi fyrirhugaða þjónustu á 3ju og fjórðu hæð. Verkefnið felur í sér framboð á nýrri tegund þjónustu við aldraða með skammtímainnlögnum í léttu endurhæfingu þar sem stuðningsþarfir eru metnar og komið í farveg. Þjónustunni er ætlað að styðja við sjálfstæða búsetu aldraðra með heilrænni nálgun á almenna endurhæfingu og kost á reglubundnum skammtímainnlögnum sem draga mun úr hættu á alvarlegri heilsuþrengingum sem útheimtir þjónustu bráðamóttaka og sjúkrahúsa. Þjónustunni er ætlað að draga úr aðstreymi að Landspítala með tímanlegri inngripum í hnignunareinkennum hjá öldruðum jafnfaramt því að vera stuðningur við óformlega umönnunaraðila sem oft eru undir miklu álagi. Fyrirmynd að þessari nálgun er svokölluð ICOPE (Integrated care for older people) hugmyndafræði Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem miðar að heilrænni og samþættri nálgun og inngripum til að mæta hnignunareinkennum hjá hinum aldraða og bæta lífsgæði. 120 milljón kr. styrkur er veittur í verkefnið sem er ætlað að styðja við kaup á nauðsynlegum búnaði og öðru til framkvæmdar verkefninu.

5. Rætt um rekstur þjónustunnar en það hefur legið fyrir frá upphafi að Hafnarfjarðarbær mun ekki reka þjónustuna og er gert ráð fyrir að Sjúkratryggingar Íslands bjóði út reksturinn eða auglýsi eftir rekstraraðila.
6. Rætt um útigarð á fyrstu hæð hússins og lögð áhersla á að hann verði lokaður af. Fram kom að sú framkvæmd sé fyrirhuguð með vorinu.
7. Starfshópurinn lauk fundi með að skoða efstu hæð hússins. Mikill áhugi kom fram hjá starfshópnum að nýta efstu hæðina í þjónustu við eldri borgara. Þar er þörf á töluverðum endurbótum en ljóst er að ef ekki verður farið í þær á næstunni gæti það valdið skemmdum á húsinu. Efsta hæðin gæti nýst t.d. starfsfólki heimaþjónustu sveitarfélagsins, Öldungaráði o.fl. Á Sólvangi verður miðstöð öldrunarþjónustu sveitarfélagsins og samþætting stuðningsþjónustu við fólk í heimahúsum, endurhæfing, hvíldarinnlagnir og hjúkrunarrými er þjónusta sem þarf að vera veitt í náinni samvinnu.

Fundi slitið kl. 14:00.